

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2020, miðvikudaginn 2. desember haldinn 387. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn með fjarfundabúnaði og hófst kl. 08:34. Mætt: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltested Kópavogi og Björg Fengler Garðabæ. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR, Andrés B. Andreassen fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um útboðsmál á skíðasvæðunum varðandi skíðalyftur og snjógerð.
2. Lagt fram bréf skíðagöngufélagsins Ullar dags. 10. nóvember 2020 varðandi bráðabirgðaaðstöðu í Bláfjöllum.
Vísað til formanns, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra ÍTR.
3. Lagt fram bréf Einars Ólafssonar dags. 18. nóvember 2020 varðandi æfingar- og keppni í skíðaskotfimi.
Tekið er jákvætt í erindið af hálfu samstarfsnefndarinnar að uppfylltum öllum tilskyldum leyfum og öryggiskröfum. Erindið komi síðan aftur fyrir samstarfsnefndina.
4. Lagt fram 10. mánaða rekstraruppgjör skíðasvæðanna.
5. Rætt um nýja heimasíðu skíðasvæðanna og merkingar á skíðasvæðum.
Heimasíðan og nýtt merki skíðasvæðanna samþykkt.
6. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í fjöllunum. Ráðningar ganga vel. Óvissa varðandi opnun vegna Covid.

Fundi slitið kl. 09:58.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltested
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Björg Fengler